**Sþ. 593. Þingsályktun [15. mál]**

um milliþinganefnd um landhelgisgæsluna.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd til að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla landhelgisgæsluna svo að hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt. Nefndin skal ljúka störfum áður en þing kemur saman að hausti.